

## Stjórnarfundur 1. nóvember 2018

Mætt eru: Harpa, Anna, Falur, Hilmar, Árni, Unnur, Ómar, Sigurþór, Guðný, Gunnrún, Guðrún, Lilja, Kristín.

### 1. Speedomót

Þurfum að skoða hvernig við getum stytth mótíð, passa líka að sundmenn séu ekki að synda ef þeir eru ekki með getu til þess.

Rætt í framhaldi af þessu hvað sé hægt að gera til þess að kynna betur fyrir foreldrum starfið í deildinni til dæmis í hverju felst að vinna á sundmótum. Ákveðið að bjóða foreldrum með á næsta æfingadag, bjóða upp á veitingar, spjall og kynningu á störfum á mótum. Gæti líka verið sniðugt að bjóða fólki að koma þegar undirbúningur er í gangi daginn fyrir mót og sýna því störfin þá. Sérstakur fulltrúi úr stjórn verður á næstu mótum með það sérverkefni að taka á móti nýliðum.

### 2. Þrif á tækjasal

Ákveðið að bjóða sundmönnum/foreldrum að taka að sér þrif í tækjasalnum sem fjáröflun.

### 3. ÍM 25

Matur og hvíld í Ásvallalaug. Lokahóf á sunnudeginum Fjörukrá. Vantar fararstjóra sem sjá um mat á bakka. 22 sundmenn keppa á mótinu.

### 4. Önnur mál

Bréf frá móður. Var með beiðni um að barn hennar fengi að vera í ½ plássi í sundi og borga hálf gjald. Því miður var ekki hægt að verða við þessu þar sem í þessum hópum mega aðeins vera 12 sundmenn vegna öryggis þeirra og í hópinn er biðlisti. Ekki er forsvaranlegt að halda plássi og fá ekki fullt gjald fyrir þar sem við þurfum að ná inn tekjum fyrir launum þjálfara.

Einnig kom fram beiðni í þessu bréfi um að það yrði skoðað hvort hægt væri að skipuleggja æfingar fyrir börn þar sem þau gætu prófað/æft margar greinar. Sunddeildin getur ekki skipulagt slíkt starf ein og sér en málinu verður komið á framfæri við stjórn félaganna.

Sundmaður mánaðarins, þarf að endurskoða? Ákveðið að gera breytingar á fyrirkomulagi þannig að þetta sé nokkurskonar kynning.

Hiti í Heiðarskólalaug, laugin er mjög köld þegar Gullfiskar æfa, þessu verður komið á framfæri og athugað hvort hægt sé að hafa hana heitari.